

# LÖG

## um siglingavernd.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Stjórn siglingaverndarmála.*

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn siglingaverndarmála en Siglingastofnun Íslands með framkvæmd þeirra svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

##### 2. gr.

##### *Gildissvið og markmið.*

Lög þessi gilda um eftirgreindar gerðir skipa ef þau eru notuð í millilandasiglingum:

- farþegaskip, þ.m.t. háhraðaför,
- flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og
- færanlega borpalla.

Lög þessi gilda um hafnaraðstöðu þar sem slíkum skipum, innlendum og erlendum, sem stunda millilandasiglingar er þjónað.

Markmið laga þessara er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

##### 3. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í lögum þessum er merking hugtaka sem hér segir:

- Siglingavernd:* Ráðstafanir samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS 1974) auk alþjóðakóða (ISPS Code) um skipa- og hafnavernd:
  - skipavernd:* forvarnir til að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega og farms gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum;
  - hafnavernd:* forvarnir til að tryggja vernd hafnaraðstöðu gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum;
  - farmvernd:* forvarnir til að vernda farm gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum.
- Tilnefnt stjórnvald:* Sú stofnun eða það stjórnvald aðildarríkis sem falin er ábyrgð á framkvæmd siglingaverndar í höfnum og skipum.
- Hafnaraðstaða:* Staður skilgreindur af aðildarríki eða tilnefndu stjórnvaldi þar sem tengsl skips og hafnar eru, og sem uppfyllir skilyrði laga um siglingavernd.
- Áhættumat:* Mat á áhættu gagnvart ógnunum og váatvikum.
- Verndaráætlun:* Áætlun til að tryggja að gerðar séu ráðstafanir til að vernda hafnaraðstöðu, skip, einstaklinga og farm.
- Verndarfulltrúi:* Sá einstaklingur sem falin er gerð, framkvæmd, endurskoðun og viðhald verndaráætlunar.

7. *Vástig*: Segir til um hvert hættuástandið er þegar beita skal verndarráðstöfunum svo sem nánar er kveðið á um í alþjóðakóða (ISPS Code) um skipa- og hafnavernd.
8. *Verndaryfirlýsing*: Samkomulag um siglingavernd milli skipa og hafnaraðstöðu. Í samkomulaginu skal m.a. tilgreina verndarráðstafanir og ábyrgð hvors aðila um sig.

## 4. gr.

Siglingastofnun Íslands, ásamt tollyfirvöldum, ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu, útgerðarfélagum og höfnum sem falla undir lög þessi, fer með framkvæmd siglingaverndar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að annast einstaka þætti siglingaverndar.

Siglingastofnun Íslands ber m.a. ábyrgð á að:

- a. staðfesta áhættumat útgerðarfélaga fyrir íslensk skip og áhættumat hafnaraðstöðu fyrir hafnir,
- b. staðfesta verndaráætlanir útgerðarfélaga fyrir íslensk skip og verndaráætlun hafnaraðstöðu fyrir hafnir,
- c. staðfesta skipan verndarfulltrúa íslenskra skipa, útgerða og hafnaraðstöðu,
- d. staðfesta skipan eftirlitsaðila og gefa út skírteini til eftirlitsmanna,
- e. hafa eftirlit með virkni verndaráætlana íslenskra skipa og hafnaraðstöðu,
- f. gefa út ferilskrá íslenskra skipa,
- g. halda skrá um íslensk skip og hafnir sem hafa viðurkenndar verndaráætlanir.

Áður en Siglingastofnun Íslands staðfestir áhættumat og verndaráætlun skv. 3. mgr. skal hún leita umsagnar ríkislögreglustjóra. Siglingastofnun skal gæta þess að kröfum um leynd og varðveislu verndaráætlana og annarra trúnaðarupplýsinga sé fullnægt. Siglingastofnun annast öll samskipti við Alþjóðasiglingamálastofnunina um siglingavernd, þ.m.t. að senda lögboðnar tilkynningar o.s.frv.

Ríkislögreglustjóri ákveður vástig um borð í skipum og í höfnum. Þegar ógn steðjar að ákveður hann hækkuð vástigs um borð í skipum eða í höfnum að höfðu samráði við Siglingastofnun og Landhelgisgæslu nema þegar um bráðatílvik er að ræða, þá tekur hann ákvörðun einn. Þegar vástig er hækkað í höfnum eða skipum ákveður ríkislögreglustjóri hvenær hann tekur við stjórn aðgerða samkvæmt viðeigandi verndaráætlun og almennum lögum um lögregluáðgerðir.

Siglingastofnun Íslands er heimilt, að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi einstaklings, að leita til ríkislögreglustjóra um athugun á viðkomandi í skráum lögreglu og öflun upplýsinga um sakaferil til þess að grundvalla mat um hæfi til þess að vinna með trúnaðarupplýsingar um öryggismál í starfi í þágu siglingaverndar.

Landhelgisgæslan hefur eftirlit með að lögum um siglingavernd sé framfylgt á hafinu umhverfis Ísland í samræmi við ákvæði alþjóðasamninga.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um farmvernd. Tollstjórar annast, í samráði við viðkomandi hafnaryfirvöld og Siglingastofnun Íslands, framkvæmd og eftirlit með farmvernd og setja reglur þar að lútandi.

Útgerðarfélag sem gera út skip undir íslenskum fána og falla undir lög þessi bera ábyrgð á að lögboðnum verndarráðstöfunum sé fullnægt og að í hverju skipi liggi fyrir verndaráætlun með nákvæmum leiðbeiningum um viðbrögð við yfirvofandi vá.

Höfn sem rekur hafnaraðstöðu sem fellur undir lög þessi ber ábyrgð á því að lögboðnum ráðstöfunum um hafnavernd sé fullnægt og að í verndaráætlun liggi fyrir nákvæmar leiðbeiningar um viðbrögð við yfirvofandi vá.

## II. KAFLI Skipavernd.

### 5. gr.

Útgerðarfélög skulu útbúa áhættumat og verndaráætlun fyrir hvert íslenskt skip sem fellur undir lög þessi og tilnefna verndarfulltrúa fyrir skipið og útgerðarfélagið. Áhættumatið, verndaráætlunina og skipan verndarfulltrúans skal leggja fyrir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Í verndaráætlun skal koma fram áætlun um viðbrögð þegar ógn steðjar að og hlutverk aðila sem koma að aðgerðum vegna þess, t.d. hlutverk lögreglu og Landhelgisgæslu.

Ef skip, sbr. 1. mgr. 2. gr., sem uppfyllir ekki kröfur um siglingavernd leggst að höfn sem starfar samkvæmt lögum þessum getur verndarfulltrúi hafnaraðstöðu krafist þess að skipstjóri eða verndarfulltrúi skips undirriti verndaryfirlýsingu.

## III. KAFLI Hafnavernd.

### 6. gr.

Höfn sem kys að þjóna skipum sem falla undir lög þessi skal skilgreina þá hafnaraðstöðu sem nýta á undir slíka starfsemi. Útbúa skal áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og verndaráætlun og bera undir Siglingastofnun Íslands til staðfestingar. Tilnefna skal verndarfulltrúa fyrir hafnaraðstöðuna og skal Siglingastofnun Íslands staðfesta skipan hans. Verndarfulltrúi ákveður hvenær tilefni er til að grípa til ráðstafana samkvæmt þeirri verndaráætlun sem höfnin starfar eftir.

Ef skip, sbr. 1. mgr. 2. gr., leggst að höfn sem uppfyllir ekki kröfur um siglingavernd getur verndarfulltrúi skips óskað eftir verndaryfirlýsingu. Ef hafnaryfirvöld og verndarfulltrúi skips koma sér saman um gerð verndaryfirlýsingar skal Siglingastofnun Íslands eða annar aðili sem hún tilnefnir samþykkja hana.

Í verndaráætlun skal koma fram áætlun um viðbrögð þegar ógn steðjar að og hlutverk aðila sem koma að aðgerðum vegna þess, t.d. hlutverk lögreglu og töllyfirvalda.

Að fengnu samþykki Siglingastofnunar Íslands getur höfn falið rekstraraðilum hafnaraðstöðu framkvæmd og eftirlit með að kröfum skv. 1. mgr. um siglingavernd sé framfylgt. Ef kröfum 1. mgr. er ekki fullnægt að mati Siglingastofnunar Íslands getur höfn rift samningum við rekstraraðila án frekari fyrirvara.

## IV. KAFLI Farmvernd.

### 7. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um farmvernd. Tollstjórar hafa eftirlit og umsjón með framkvæmd verndarráðstafana, þ.m.t. eftirlit með farmi sem flytja á úr landi, eftir því sem kveðið er á um í reglum tollstjórans í Reykjavík.

Tollstjórinn í Reykjavík skal upplýsa og leiðbeina hafnaryfirvöldum um kröfur farmverndar við gerð áhættumats og verndaráætlunar hafnar.

## V. KAFLI Ýmis ákvæði.

### 8. gr.

#### Leit.

Siglingastofnun Íslands setur reglur um fyrirkomulag öryggisleitar hafnaryfirvalda á starfsfólki og farþegum skemmtiferðaskipa og í farangri þeirra og á áhöfnum og öðrum þeim

sem vegna starfs síns þurfa að fara inn á hafnaraðstöðu eða um borð í skip sem falla undir lög þessi.

Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um leit í farmi sem tollstjórar annast.

Hægt er að synja þeim mönnum sem neita öryggisleit samkvæmt þessari grein um aðgang að hafnaraðstöðu og skipi sem lög þessi ná yfir.

#### 9. gr.

##### *Gjöld.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að innheimta gjöld til að standa straum af kostnaði sem til fellur samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. gjöld fyrir staðfestingar, eftirlit og útgáfu skráa skv. 4. gr. og námskeið sem haldin eru í samræmi við ákvæði laga þessara. Gjöldin skulu ákveðin í gjaldskrá sem samgönguráðherra setur að tillögu Siglingastofnunar Íslands og skal gjaldtakan standa undir kostnaði við veitta þjónustu.

Hafnir skulu innheimta sérstakt gjald, siglingaverndargjald, af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða landað í höfn. Gjald þetta skal taka mið af magni og eðli vöru og standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar af ráðstöfunum til verndar farmi á hafnaraðstöðu, svo sem girðingum, vöktun, leit og lokun svæða.

Hafnir skulu innheimta gjald fyrir hvert skip sem fellur undir lög þessi og getur gjaldið tekið mið af stærð skips, komufjölda og/eða dvalartíma við hafnaraðstöðu í rekstri þeirra. Gjald þetta skal standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar af ráðstöfunum til verndar skipi, svo sem vöktun og lokun svæða.

Hafnir skulu innheimta sérstakt gjald fyrir hvern farþega sem kemur til eða fer frá landinu með skipi. Gjald þetta skal standa undir kostnaði þeirra af siglingavernd í farþegaflutningum, svo sem vegna móttökuaðstöðu, öryggisleitar, vöktunar og búnaðar.

Höfnum, sem annast tilfallandi framkvæmd siglingaverndar, er heimilt að innheimta þann kostnað sem þær verða fyrir samkvæmt reikningi hverju sinni. Með tilfallandi framkvæmd siglingaverndar er átt við ráðstafanir vegna einstakra koma og brottfara skipa sem falla undir lög þessi, svo sem vegna afgreiðslu farþega- og flutningaskipa. Gjaldið sem innheimt er hverju sinni skal standa undir þeim kostnaði sem hlýst af þeim ráðstöfunum sem gripið er til, svo sem uppsetningu móttökuaðstöðu, öryggisleit, tímabundinni lokun svæða o.s.frv.

Komi fram beiðni um aukna þjónustu við framkvæmd siglingaverndar, t.d. aukna lög-gæslu, aukna vakt í skipi o.s.frv., er þeim sem beiðnin beinist að heimilt að innheimta útlagð-an kostnað samkvæmt reikningi hverju sinni.

Gjaldtaka samkvæmt grein þessari skal í öllum tilfellum miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er og birt í gjaldskrám viðkomandi hafnar.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalda þeirra sem kveðið er á um í grein þessari.

#### 10. gr.

##### *Málskotsréttur.*

Ákvarðanir sem Siglingastofnun Íslands tekur samkvæmt lögum þessum eru kæránlegar til samgönguráðherra. Kæra skal vera skrifleg og fer um meðferð hennar samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga.

#### 11. gr.

##### *Reglugerð.*

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þess-ara, þar á meðal um hlutverk Siglingastofnunar Íslands og annarra opinberra aðila.

Undir skipavernd fellur m.a. að setja reglur um skyldur útgerðarfélags, áhættumat fyrir skip, leit, verndaráætlun skips, skrár sem færa skal og varðveita um borð í skipi, verndarfulltrúa útgerðarfélags, verndarfulltrúa skips, útgáfu skirteina fyrir skip og um kennslu, þjálfun og æfingar vegna skipaverndar.

Undir hafnavernd fellur m.a. að setja reglur um áhættumat fyrir hafnaraðstöðu, verndaráætlun fyrir hafnaraðstöðu, verndarfulltrúa hafnar, útgáfu skirteina fyrir hafnaraðstöðu, kennslu, þjálfun og æfingar vegna hafnaverndar.

12. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

13. gr.

*Innleiðing.*

Með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru innleiddar í íslenskan rétt þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum þess hluta alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS frá 1974) sem fjallar um siglingavernd.

14. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi taka þegar gildi en koma til framkvæmda 1. júlí 2004.

*Gjört á Bessastöðum, 25. maí 2004.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sturla Böðvarsson.*